

B og L gegn Bretlandi

Dómur frá 13. september 2005

Mál nr. 36536/02

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Bann við hjúskap vegna fjölskyldutengsla.

1. Málsatvik

Kærendur, karlinn B og konan L, eru breskir ríkisborgarar, fæddir 1947 og 1968 og búa í Bretlandi.

B giftist A en hjónaband þeirra lauk með skilnaði árið 1987. Áttu B og A soninn C saman. B giftist aftur en því hjónabandi lauk með skilnaði árið 1997.

L giftist C, syni B úr fyrra hjónabandi. Var B því tengdafaðir L. Skildu L og C að borði og sæng árið 1995 og fengu lögskilnað í maí 1997. L og C eignuðust soninn W og er hann því barnabarn B.

Milli B og L þróaðist samband árið 1995 eftir að C hafði flutt út frá L og hafa B og L búið saman síðan 1996. W býr með þeim og hefur óreglulegt samband við C. W kallar B föður sinn þótt hann sé í raun afi hans. Áformar B að ættleiða W.

Í maí 2002 skrifaði B bréf til skrifstofu sífjamála og spurði hvort hann gæti kvænst L fyrrum tengdadóttur sinni. Var því neitað og kom fram í svari skrifstofunnar að kærendum væri óheimilt að giftast nema bæði A fyrrum eiginkona B og C fyrrum eiginmaður L væru látin.

Í framhaldi þessa leituðu kærendur lögfræðialits um hugsanleg úrræði vegna ákvörðunar sífjamálskrifstofunnar. Var þeim ráðlagt af lögmanni að engin úrræði væru gegn ákvörðuninni þar sem hún væri byggð á hjúskaparlögum frá 1949 og síðari breytingu frá 1986.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu rétt sinn skv. 12. og 14. gr. sáttmálans hafa verið brotinn þegar þeim var meinað að giftast.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að takmörkun á rétti karls og konu til að giftast og stofna fjölskyldu mætti ekki vera þannig vaxin að inntak verndar ákvæðisins yrði skert.

Bann við hjúskap fyrrum tengdafaðgina hefði þá afleiðingu að B og L fengu hvorki félagslega né lagalega viðurkenningu á sambandi sínu. Sú staðreynd að hugsanlega kynnu þau að geta gifst ef fyrri makar þeirra létust var ekki talin draga úr þeirri takmörkun sem var fyrir hendi á rétti kærenda. Það sama átti við um þann möguleika að sækja um undanþágu frá banninu til þingsins eins og heimilt var samkvæmt lögum. Slík mál væru mjög fágæt, kostnaðarsamt væri að leggja út í þau og ákvörðun um undanþágu ylti að öllu leyti á mati þingsins án þess að neinar reglur lægju fyrir um meðferð slíkra mála eða skýr fordæmi um úrlausn mála af þessu tagi.

Dómstóllinn taldi að bannið við því kærendur gengju í hjúskap stefndi að lögsmætu markmiði, þ.e. til verndar heilindum innan fjölskyldunnar. Það kæmi hins vegar ekki í veg fyrir að sambönd eins og kærenda mynduðust. Þá taldi dómstóllinn að þar sem ekki væri lögð refsing við samböndum tengdafólks gæti bannið við hjúskap tengdafólks ekki varnað því að W sonur L yrði fyrir tilfinningalegu eða andlegu tjóni vegna sambandsins.

Dómstóllinn vísaði til máls sem svipaði til máls kærenda þar sem hafði breska þingið hafði talið að bann við hjúskap sem þar var til umfjöllunar hefði ekki stefnt að neinu nauðsynlegu markmiði. Dómstóllinn taldi að ósamræmið sem væri á milli markmiðsins sem bann við hjúskap tengdafólks stefndi að og tilviljanakenndra undanþága sem hægt væri að fá frá banninu veikti þau rök sem væru að baki banni hjúskaparlaganna við þessar aðstæður.

Hvað varðaði þá stefnu þingsins að veita undanþágur frá banninu þegar ljóst væri að ekki yrði tjón af hjúskap tengdafólks rakti dómstóllinn að engar reglur lægju fyrir um þá ítarlegu rannsókn sem þyrfti að fara fram við slíka ákvarðanatöku um hagi þeirrar fjölskyldu sem ætti í hlut. Taldi

dómstóllinn að slík málsmeðferð, sem bæði væri erfið og kostnaðarsömu, væri hvorki aðgengileg eða skilvirk úrræði þar sem einstaklingar gætu sýnt fram á rétt sinn til að ganga í hjúskap. Ennfremur lýsti dómstóllinn efasemdum sínum um málsmeðferð þar sem lögráða og sjálfráða einstaklingum væri gert að gangast undir rannsókn um svo persónuleg mál til að kanna væri hvort viðeigandi væri fyrir þá að ganga í hjúskap.

Dómstóllinn taldi einróma, með tilliti til málsatvika, að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 12. gr. sáttmálans. Með vísan til niðurstöðu sinnar varðandi 12. gr. taldi dómstóllinn kærana ekki gefa tilefni til sérstakrar skoðunar um brot á 14. gr.

Kærendur kröfðust miskabóta án nánari tilgreiningar á fjárhæð bótakröfu. Dómstóllinn taldi að dómsniðurstaðan um brot á réttindum kæranda fæli í sér nægilegar bætur til þeirra vegna miska. Voru kærendum dæmdar 17.000 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.